

Nd.

463. Nefndarálit

[137. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl. nr. 14
20. júní 1923.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar á fundum sínum og rætt við land-
lækni og ráðunaut heilbrigðisstjórnarinnar í lyfjamálefnum um efni frv. og ástandið
í þessum málum. Þá ræddi nefndin við Barnaverndarráð Íslands um þessi mál.

Nefndin telur, að nauðsyn sé að undirbúa nýja heildarlöggjöf í þessum efnunum,
en þar sem brýn nauðsyn er á að lögfesta þær breytingar, sem frv. þetta gerir ráð
fyrir, nú þegar, þá leggur nefndin einróma til, að frv. verði samþykkt með eftir-
farandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Í stað orðsins „hóps“ á tveim stöðum í 1. málsg. komi: margra.

Alþingi, 22. marz 1970.

Matthías Bjarnason,
form., frsm.

Steingrímur Pálsson.

Bragi Sigurjónsson,
fundaskr.

Jónas Pétursson.
Stefán Valgeirsson.

Gísli Guðmundsson.

Pétur Sigurðsson.